

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. reglugerðar þessarar er heimilt á tímabilinu 16. maí til 31. desember 1978, að nota þorskfisknet með lágmarksmöskvastærðinni 5½ þumlungur (140 mm), enda hafi þeirra verið aflað eða ráðstafanir gerðar til að afla þeirra fyrir gildistöku reglugerðar þessarar.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 13. mars 1978.*

**Matthías Bjarnason.**

*Jón B. Jónasson.*

**AUGLÝSING**

**um gildistöku laga nr. 44 20. maí 1975 um breyting á lögum um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962.**

Ákvæðið hefur verið samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 44 20. maí 1975, um breyting á lögum um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962, að þau lög skuli öðlast gildi gagnvart Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð hinn 1. apríl 1978.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. mars 1978.*

**F. h. r.  
Baldur Möller.**

*Jón Thors.*